

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 13.10.2022
UST202203-080/G.S.O.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. nóvember 2020 þar sem þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávíks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði þann 2. október 2020. Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 14. september 2022 kom fram að frávikið stæði enn opið og að ekki hefði verið brugðist við skv. þeirri úrbótaáætlun sem fram var lögð. Þann 9. september barst Umhverfisstofnun ný úrbótaáætlun þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi hvað varðar botnþykktarmælingar á bikgeymum og olúgildirur á áfyllingaplani.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.2 í starfsleyfi.** Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olúheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olúuskilju. **Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 14. september kom fram að sækja þyrfti um breytingu á starfsleyfi óski rekstraraðili eftir því að stofnunin taki til athugunar að breyta kröfum um olúhelt áfyllingarplan með niðurfalli í lægsta punkti. Rekstraraðili hefur nú sótt um breytingu á starfsleyfi.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbætur rekstraraðila með þeim fyrirvara að breytingin á starfsleyfinu verði samþykkt og nýtt starfsleyfi gefið út. Gangi breytingin ekki í gegn og rekstraraðili sendir stofnuninni ekki nýja úrbótaáætlun í kjölfarið, verður áfram haldið með eftirfylgni frávíksins þar sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 19.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur